

**SAMPYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar**  
**og fundarskóp bæjarstjórnar, nr. 567/2013.**

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslur embættismanna, í samræmi við heimildir í 57. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukinn varðar fullnaðarafgreiðslu eftirtalinna embættismanna:

1. forstöðumanns stjórnsýslu,
2. fjármálastjóra,
3. skipulags- og byggingarfulltrúa,
4. dýraeftirlitsmanns,
5. sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 9. mars 2018.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

**VIÐAUKI**  
**um fullnaðarafgreiðslur embættismanna Fjarðabyggðar**  
**án staðfestingar bæjarstjórnar eða bæjarráðs.**

1. gr.

Forstöðumaður stjórnsýslu afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsagnir til sýslumanns samkvæmt 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 og veitir leyfi til sölu gistingar og veitinga og útleigu samkomusala í atvinnuskyni. Áður en forstöðumaður veitir leyfi skal hann leita umsagnar byggingarfulltrúa.

2. gr.

Fjármálastjóri afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs afslætti af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt fasteignaskatts, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

3. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi afgreiðir án staðfestingar eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar mál er falla undir skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvíki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögunum önnur en afgreiðsla byggingarleyfa, úthlutun lóða, gerð byggingarskilmála og tillagna um nöfn gatna, torga og bæjarhluta, sbr. samþykkt um afgreiðslur byggingarnefndar Fjarðabyggðar.

4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi afgreiðir og undirritar endurnýjun lóðasamninga án staðfestingar bæjarráðs.

## 5. gr.

Dýraeftirlitsmaður eða umhverfisstjóri Fjarðabyggðar afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar leyfi fyrir dýrahaldi, sbr. samþykktir sveitarfelagsins um dýrahald, og framfylgir samþykktum. Dýraeftirlitsmaður fullnustar ákvarðanir í samráði við heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnd.

## 6. gr.

Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs eða fulltrúi á sviðinu, afgreiðir húsaleigusamninga án staðfestingar eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar.

## 7. gr.

Bæjarstjórn, bæjarráð eða eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd skulu hafa eftirlit með afgreiðslu mála sem afgreidd eru með tilvísun til viðauka þessa og geta kallað eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar, sbr. 57. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarárfreiðslu samkvæmt samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og viðauka þessum, getur ávallt óskað eftir því að bæjarstjórn, bæjarráð eða eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd taki ákvörðun í máli.

Óski aðili eftir frekari rökstuðningi við afgreiðslu máls sem afgreidd eru með tilvísun til viðauka þessa eða beri hann fram kvörtun, skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarstjórn, bæjarráði eða eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga, eftir því sem við á.